

Afstaða, félag um betrun

Dómar með tilgang

Ritari ágríps: ritstjorn@afstada.is (Bjarki, Árni, Óttar)

Þátttakendur í pallborði:

Björt Ólafsdóttir, alþingismaður,
Brynjar Nielsson, alþingismaður,
Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu,
Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunnar,
Fundarstjóri: Aðalheiður Ámundadóttir, stjórnarkona í Afstöðu.

1) Hvaða sjónarhorn komu fram?

Þátttakendur í pallborði voru allir sammála um að rétt væri að leggja áherslu á betrun og eftirfylgni, til að draga úr líkum á endurkomum í fangelsi. – sem skilaði sér til samfélagsins síðar meir.

2) Hvaða vandamál voru rædd?

Viðraðar voru hugmyndir hvað hægt væri að gera áður en einstaklingar lentu í fangelsi, því oft væri um að ræða ungt fólk sem kæmu frá brotnum heimilum.

3) Hvaða lausnir komu fram?

Allir voru sammála um að það þurfi að vera kerfi sem hjálpar – en síðan er misjafnt hvað er best fyrir hvern og einn, svo það þarf að vera einstaklingsmiðað.

4) Hvaða næstu skref voru rædd?

Að styrkja þyrfti regluverkið betur, svo það væri ekki háð geðþóttaákvörðunum stjórnvalds eins og fangelsisyrvalda. Sama ætti við um sveitarfélögin, sem væru mikilvægur liður í að aðstoða einstaklinga út í samfélagið að lokinni afplánun.

5) Tilvitnanir og dæmi um samræður?

Nokkrar deilur urðu um tölfræði, m.a. um endurkomutíðni í fangelsi á Íslandi. Kom spurning úr sal um hvort ætlunin væri að færa nám starfsmanna fangelsanna á háskólastig, líkt og nú væri gert með löggæslunám – þar sem unnið væri með rannsóknir til að ná þeim markmiðum sem sett væru. Forstjóri fangelsismálastofnunnar sagði ekki uppi áætlanir um slíkt – þó hann vildi sjá löggæslunám áfram á sama stað (fangavarðanáam hefur hingað til verið unnið í samstarfi við lögregluskólann).

Velt var upp ýmsum spurningum, eins og:

- hvort dómstólar þyrftu ekki að skýra dóma sína betur.
- hvers vegna væri lítið um vinnu hjá þeim sem væru í fangelsum.